

21. stjórnarfundur haldinn á þriðjudaginn 29. september 2009 kl. 16:00 á bæjarskrifstofum Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir: Annar Kristín Ólafsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Þórunn Pétursdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Þórður H. Ólafsson og Eiríkur Björn Björgvinsson sem ritaði fundargerð.

1. Samþykkt dagskrár

- Dagskrá fundar lögð fram og samþykkt.

2. Samþykki fundargerðar 20. stjórnarfundar 27. ágúst og 7. september 2009

- Fundargerðin lögð fram og samþykkt.

3. Rekstrarmál 2009

- Gestastofa á Skriðuklaustri
Verkefnið er komið af stað og búið að auglýsa eftir aðstoðarmanni þjóðgarðsvarðar. Stjórnin skoðaði framkvæmdir fyrir stjórnarfundinn og leist mjög vel á stöðu verksins.
- Blágil
Verkefnið er að fara af stað.

4. Atvinnuuppbygging í tengslum við Vatnajökulspjóðgarð

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs ákvað á fundi þann 7. september 2009 að fara yfir stöðu mála hjá þjóðgarðinum hvað varðar rekstur, stefnumótun og uppbyggingu almennt. Lögð fram greinargerð frá ráðgjafarfyrirtækinu Alta í framhaldi af þeim fundi. Einnig lagt fram minnisblað frá sama fundi sem samantekt umræðu og tillögur um næstu skref.

Rætt um greinargerðina og minnisblaðið.

Formaður taldi vanta meginstefnu/leiðarljós fyrir garðinn þar sem fram kæmi samspil nýtingar og verndunar. Hún lagði til að stjórnin fari í slíka vinnu í samstarfi við starfshóp um verndaráætlun. Fram kom að hlutverk stjórnar er að vinna meginstefnu garðsins.

Rætt um að kalla þetta ekki verndaráætlun heldur

stefnumótun/stjórnunaráætlun/aðgerðaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Fram kom að mikið vantaði á um atvinnuuppbyggingu garðsins og atvinnutengda þætti garðsins.

- Samþykkt að Hjalti Þór vinna hugmyndaskjal um samráð vegna atvinnuuppbyggingar í tengslum við þjóðgarðinn.

5. Önnur mál

- Sýning í gestastofu Austursvæðis á Skriðuklaustri
- Samþykkt að veita framkvæmdastjóra og þjóðgarðsverði umboð til að hafa samband við 5 aðila sem sérhæfa sig í uppsetningu sýninga og skoða möglegt lokað útboð á verkinu.

6. Næsti stjórnarfundur